

Telji Landhelgisgæslan eða Fiskistofa að eftirlit samkvæmt reglugerð þessari geti ekki farið fram á sjó, skal hlutaðeigandi skipi skylt að hlíta fyrir mælum um að halda til nálægrar hafnar þar sem eftirlit getur farið fram.

14. gr.

Fiskistofu er heimilt að setja veiðieftirlitsmenn um borð í færeysk fiskiskip sem leyfi hafa til veiða innan íslenskrar lögsögu. Skal útgerð skipsins sjá eftirlitsmönnum fyrir fæði og aðstöðu meðan þeir eru um borð og enn fremur greiða allan kostnað af veru þeirra um borð í skipinu.

Afla skal haldið aðgreindum eftir tegundum um borð í viðkomandi fiskiskipi.

Færeyskum skipum er skylt að halda afladagbók og skal hún sýnd eftirlitsaðilum þegar óskað er. Jafnframt skulu Hafrannsóknarstofnuninni send afrit úr afladagbókum, sé þess óskað.

Staðfestar aflatölur hvers mánaðar skulu sendar Fiskistofu eigi síðar en 14 dögum eftir mánaðamót, sundurliðaðar eftir bátum og tegundum.

15. gr.

Fiskistofa getur svipt skip leyfi til veiða í fiskveiðilandhelgi Íslands brjóti útgerð eða áhöfn skipsins eða aðrir þeir er í þágu útgerðar starfa gegn lögum sem um veiðarnar gilda, reglugerð þessari eða ákvæðum sammings ríkjanna, sbr. 1. gr.

Eftirlit með framkvæmd reglugerðar þessarar er í höndum Landhelgisgæslu Íslands, Fiskistofu og eftirlitsmanna í hennar þjónustu.

16. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 22, 8. apríl 1998, um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

17. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 22, 8. apríl 1998, um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 86, 7. febrúar 1999, um botnfiskveiðar færeyskra skipa í íslenskri fiskveiðilandhelgi.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 20. febrúar 2001.*

**Árni M. Mathiesen**

*Jón B. Jónasson.*

## GJALDSKRÁ

**fyrir sorphirðu í Þingvallahreppi árið 2001.**

1. gr.

Sveitarstjórn Þingvallahrepps er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald (sorpörgunar- og sorphirðugjald) fyrir árið 2001.

## 2. gr.

Á íbúðarhús, sumarhús, öll fyrirtæki, lögaðila og aðra sem hafa með höndum starfsemi sem krefst sorphreinsunar skv. 1. gr. skal sveitarstjórn skipa í flokka m.a. eftir áætluðu magni úrgangs. Sorphirðugjald flokkanna er sem hér segir:

	Sorpförgunargjald	Sorphirðugjald
	kr.	kr.
1. flokkur sumarhús	6.500	8.500
2. flokkur heilsárshús	7.500	8.500
3. flokkur gámaþjónusta 1	24.800	99.200
4. flokkur gámaþjónusta 2	49.600	198.400
5. flokkur gámaþjónusta 3	99.200	396.800
6. flokkur gámaþjónusta 4	148.8000	595.200

## 4. gr.

Sorphirðugjald greiðist til sveitarsjóðs Þingvallahrepps og skulu gjalddagar þess vera hinir sömu og gjalddagar fasteignagjalda.

## 5. gr.

Heimilt er að fella niður álagningu sorphirðugjalds þegar eigandi annast sjálfur alla hreinsun og förgun sorpsins enda leggi hann fram samning við aðila, sem hefur til þess tilskilin starfsleyfi, til staðfestingar sorpförgun og sýni fram á að hann hafi yfir að ráða búnaði sem hæfi sorphirðunni.

## 6. gr.

Gjaldskrá þessi, sem byggir á samþykkt um sorphirðu í Þingvallahreppi frá 20. febrúar 2001, er samin og samþykkt af sveitarstjórn Þingvallahrepps, samþykkt af heilbrigðisnefnd Suðurlands, er hér með staðfest í samræmi við 25. gr. laga nr. 7/1988 um hollustuhætti og mengunarvarnir ásamt síðari breytingum, til þess að gilda fyrir árið 2001.

*Sveitarstjórn Þingvallahrepps, 19. febrúar 2001.*

**Ragnar Jónsson.**

## SAMÞYKKT

**um forkaupsrétt Ísafjarðarbæjar á fasteignum innan sveitarfélagsins.**

## 1. gr.

Samkvæmt heimild í 31. grein skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar samþykkt að áskilja sér forkaupsrétt að eftirtöldum fasteignum í sveitarfélaginu:

**Staðsetning/  
lóðarnr.:**

Aðalstræti 26a  
0033-0261

**Eign:**

lóð, íbúðarhús

**Skráður eigandi (eigendur)  
skv. fasteignamati 1/12 2000:**

Sigurður B. Guðbjartsson  
Bergþóra K. Borgarsdóttir  
Bjarni J. Sveinsson  
Baldur R. Baldursson